Hluti deiliskipulagssvæðisins er innan öryggissvæðis fyrir grunnvatn s.b. vatnsverndarkort samþykkt 2015. Einnig er svæðið í grennd við öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn bæði í landi Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Á meðan á uppbyggingu svæðisins stendur þarf sérstaklega að huga að vöktun (sjá kafla 5.9, bls.33).

### 5.11 Niðurstaða

Deiliskipulag Hólmsheiðar athafnasvæðis samræmist í meginatriðum fyrirbyggjandi skipulagsáætlunum og markmiðum Reykjavíkurborgar, m.t.t. byggðarinnar, umhverfisþátta og áhrifa á umhverfið. Varðandi niðurstöður og rökstuðnings einstakra þátta er vísað til kafla 5.1-5.10.

Framkvæmd við tengibrautina Gandálfsmörk fellur undir 2. viðauka laga 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og þarf því að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar sem tekur síðan ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati.

## 6 UPPDRÆTTIR

Deiliskipulagsuppráttur (90)1.01 er í mælikvarða 1:2000, dags. 18.10.2018, þar sem settir eru fram helstu þættir skipulagsins.

Skýringaruppráttur (90)1.02 er leiðbeiningauppráttur um hvernig hugsanleg byggð gæti litið út ásamt sniðum.

Skýringaruppráttur (90)1.03 byggð ofan á loftmynd sem sýnir gróður, sprungur, rafmagns- og háspennulínur, örnefni og fornleifar















## 7 HEIMILDASKRÁ

Meðhöndlun ofanvatns á Hólmsheiði 2018 – Mannvit - 1290239-000-CRP-0003

Minnisblað Hávaði á athafnasvæði Hólmsheiði – Efla MIN-001-V01

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á athafnasvæði í Hólmsheiði – Borgarsögusafn Reykjavíkur skýrsla nr. 192

Samþykkt nr. 123 um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg

Veðurfar á fyrirhuguðum byggingarreit fangelsis á Hólmsheiði – Veðurstofa Íslands

greinargerð 4001

## 8 VIÐAUKI



Reykjavík 5. apríl 2019

### Varðar: Hólmsheiði athafnasvæði, nýtt deiliskipulag.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Skipulagssvæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnasvæði, með fjölbreyttum atvinnulóðum innan svæðis, undir ýmis konar starfsemi sem fellur að markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þ.á.m. lóðum fyrir gagnaver, skv. uppdr. Arkís arkitekta dags. 18. október 2018. Einnig er lögð fram greinargerð, skipulagsskilmálar og umhverfisskýrsla Arkís arkitekta ehf. dags. 18. október 2018. Jafnframt er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, greinargerð Íslenskra orkurannsóknna dags. 1. september 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. september 2018. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- 1) Veitur dags. 31. janúar 2019
- 2) Umsögn Mosfellsbæjar dags. 18. febrúar 2019
- 3) Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 8. mars 2019
- 4) Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2019
- 5) Umsögn Landsnets dags. 11. mars 2019
- 6) Minnisblað VSÓ ráðgjafar dags. 11. mars 2019

Samantekt á athugasemdum og svör við þeim.

1) Veitur telja ákveðna hættu stafa á vatnsverndarsvæðinu í Heiðmörk vegna uppbyggingar á nýja athafnasvæðinu í Hólmsheiði, sér í lagi vatnsból við Gvenndarbrunna (brunnsvæði) og það hafi ekki verið rannsakað nægjanlega. Veitur óska eftir því að fram fari heildstætt áhættumat á áhrifum uppbyggingar svæðisins á vatnsverndarsvæðið. Jafnframt að gerð verði í kjölfar þess viðbragðsáætlun sem gerir grein fyrir hvernig brugðist verði við mögulegri mengunarhættu frá fráveitu og ofanvatnslausnum skipulagssvæðisins. Veitur telja nauðsynlegt að áhættumatið og viðbragðsáætlunin liggi fyrir áður en deiliskipulagið verði samþykkt og mótvægisáðgerðir verði þannig hluti af endanlegri skipulagstillögu.

**Svar:** Haldinn var fundur hjá Reykjavíkurborg með fulltrúum Veitna dags. 12. febrúar 2019, þar sem rætt var um athugasemdir Veitna. Einnig var þar kynnt verkáætlun Vatnaskila sem gerir ráð fyrir skýrslu um áhættumatið. Ákveðið var að hefja vinnu við matið eins fljótt og auðið er, og að Veitur leiði þá vinnu. Jafnframt var ákveðið að Veitur og Reykjavíkurborg skipti kostnaði við rannsóknir á verkefninu jafnt á milli sín. Ákveðið hefur því verið að klára skipulagstillöguna og setja ákveðna fyrirvara inn í skilmála skipulagsins um þá vinnu sem er eftir. Fyrirvarinn er þannig að ekki verði formlega úthlutað neinni lóð á suðurhluta svæðisins, fyrr en niðurstöður áhættumatsins og viðbragðsáætlunar liggi fyrir. Skipulagstillöguna og/eða einstök svæði innan hennar þarf mögulega að endurskoða að því loknu m.v. þær niðurstöður sem áhættumatið leiðir í ljós.

2) Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemd við auglýsta skipulagstillögu.

**Svar:** Kallar ekki á viðbrögð.

3) Umhverfisstofnun bendir á að í skilmálum skipulagsins er ekki gerð krafa um olíuskiljur og telur stofnunin mikilvægt að farið verði eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Jafnframt bendir stofnunin á að gróðurþekja svæðisins í heild mun minnka við fyrirhugaða uppbyggingu og er bent á að skv. vistgerðarkorti NÍ séu innan svæðisins vistgerðirnar grasmóavist og lyngmóavist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum verði ekki raskað. Jafnframt telur stofnunin að vanda þurfi til alls frágangs settjarnar, fella hana vel að landi og staðhátum, forðast óþarfa rask og græða upp röskuð svæði með staðargróðri, sérstaklega ef um er að ræða vistgerðir sem hafa verndargildi.

**Svar:** Við hönnun lóða skal reynt að hlífa gróðri sem fyrir er, eftir því sem verður við komið, sér í lagi trjágróðri og verðmætum gróðurvistgerðum. Á skipulagssvæðinu finnast grasmóa- og lyngmóavistir sem eru metnar með hátt verndargildi samkvæmt viðmiðum Náttúrufræðistofnunar Íslands í umtalsverðu magni m.a. innan marka skilgreindra lóða. Leitast skal við að vernda og/eða endurnýta slíkan mólendisgróður fyrir gróðurfrágang innan lóða. Nánari upplýsingar um hvað einkennir grasmóa- og lyngmóavistir má lesa um á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar: <https://ni.is/greinar/grasmoavist> og <https://ni.is/greinar/lyngmoavist-a-laglendi> en einkennandi tegundir fyrir báðar vistgerðir eru m.a. krækilyng, blóðberg, bláberjalýng og beitilyng.

Umræddar vistgerðir er einkum að finna á eftirfarandi lóðum: Hólmsheiðarvegur 101. Miðbik lóðar, að stórum hluta milli áætlaðra bygginga. Fundinsmörk 1 og 3 og vegstæði Gandálfsmarkar norðan við þær lóðir. Durinsmörk 9, 11, 14 og 16. Durinsmörk 1, 2, 4 og 6. Gandálfsmörk 3. Norðurhluti Gandálfsmarkar 1.

4) Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sendi inn umsögn og bendir á að þau hafa við gerð deiliskipulagsins komið með athugasemdir, m.a. varðandi settjörnina sem brugðist hefur verið við. Ítreka þau áfram að mikilvægt sé að leita frekari leiða varðandi rennsli ofanvatns af athafnasvæðinu inn á vatnsverndarsvæðið við öfgaaðstæður.

**Svar:** Eins og fram kemur í svari við athugasemd Veitna þá hefur verið ákveðið að klára skipulagstillöguna en setja ákveðna fyrirvara inn í skilmála skipulagsins (að loknu kynningarferli) um þá vinnu sem er eftir, þannig að ekki verði formlega úthlutað neinni lóð á suðurhluta svæðisins, fyrr en niðurstöður áhættumatsins og viðbragðsáætlunar liggi fyrir. Heilbrigðiseftirlitið verður upplýst og mun eflaust sitja vinnufundi því tengt með Reykjavíkurborg og Veitum.

Einnig þá hafa verið skoðað frekar með rennsli ofanvatns af svæðinu við öfgaaðstæður og hafa skipulagsráðgjafar hafa bent á að mikið ofanvatn kom seinni part vetrar 2018 inn á fyrirhugaðar lóðir fyrir gagnaver, sérstaklega vestari lóðina. Lagt er til að settur verð sérstakur texti inn í skilmála þessara lóða kafa 2.8 um ofanvatn, þar sem vakin er athygli á þessu m.a varðandi endanlega hæðarlegu bygginga:

***Við hæðarsetningu lóða og bygginga, auk hönnunar ofanvatnslausna þarf að huga að afrennsli frá aðliggjandi grænum svæðum. Tryggja þarf framrás þess og huga að öruggri uppsöfnun, sérstaklega við stærri úrkomuáburði og í leysingum.***

5) Landsnet bendir á háspennulínur Landsnes, þar sem m.a. segir að raflína sem er austast á svæðinu verður fjarlægð og jafnvel færð í jörðu, sbr. kemur fram í greinargerð. Landsnet telur að umrædd lína sem vísað er til sé væntanlega Sogslína 2, sem er utan afmörkunar deiliskipulagsins. Landsnet telur þá æskilegt að textinn í greinargerð um línuna “austast” verði lagfærður þannig að ljóst sé að línan liggir utan deiliskipulagssvæðis. Þá telur Landsnet að betra sé að nota ekki hugtakið “byggðalína” um línuna, frekar að segja að um sé að ræða 132 kv línu sem sé hluti af megin flutningskerfi Landsnet.

Svar: Um er að ræða aðra “línu” heldur en Landsnet er að vísa til, þ.e. svokallaða byggðalínu. Um misskilning er því að ræða en um er að ræða línu sem er innan svæðisins, sjá mynd. Um er að ræða raflínu í drefikerfinu á vegum Veitna sem liggur um svæðið, innan deiliskipulagsins, og því á athugasemd Landsnet varðandi þessa línu ekki við. Hins vegar er lagt til að línan verði ekki kölluð byggðalína til að koma í veg fyrir frekari misskilning í fram tíðinni og verður það orðalag lagfært í greinargerð og á uppdráttum og vísað til hugtaksins “132 kv Raflína á vegum Veitna”.



6) VSÓ ráðgjafar senda inn minnisblað fyrir hönd Mjólkursamsöllunar (MS), sem hyggur á flutning starfsemi sinnar í Reykjavík í nýtt húnsæði á Hólmsheiði og liggur fyrir samþykkt lóðarvilyrði um slíkt í Borgarráði, samþ. september 2017. Lóðin (Gandálfsmörk 1) hefur verið “eyrnamerkt” MS, þar sem hún uppfyllir stærðarviðmið sem vilyrði Reykjavíkurborgar um úthlutun lóðar til MS kveður á um á Hólmsheiði. Athugasemdir eru gerðar í fjórum liðum.

1) Nýtingarhlutfall. Óskað er eftir því að hámarks nhlf. á lóð verði lækkað í 0,38 sem fyrsti kostur, en að öðrum kosti niður í 0,4 eða að tilgreint verði hámarks byggingamagn upp á 15.000 fm á lóðinni.

2) Bindandi byggarlína. Í skilmálum er kveðið á um að byggingar skuli fylgja 70% af bundinni byggingarlínu, fyrir lóðina sem MS hefur fengið viljrðið fyrir, þá er skilgreind bindandi lína á hluta af sunnanverðum byggingareit. Áform félagsins eru þess eðlis að ekki er heppilegt að tilgreina bindandi línu fyrir bygginguna, þar sem ekki er ólíklegt að hönnun hússins þurfi að gera ráð fyrir aðkomu og brottakstri við báðar langhliðar húss. Óskað er því eftir að ákvæði um bindandi byggingarlínu verði alfarið felld niður fyrir byggingarreitinn á lóð.


3) Hæðir húsa. MS Óskar eftir því að felld sé út ákvæði um hámarkshæð húss eftir fjölda hæða fyrir umrædda lóð. Eingöngu verði tilgreind hámarkshæð húss 16 m óháð fjölda hæða.

4) Óskað er eftir því að tekin verði til endurskoðunar fyrirhugð gatnatenging hverfisins við Hafravatsveg, en sú tenging þýðir að vöruakstur MS tekur á sig töluverðan krök. Að mati VSÓ ráðgjafar er heppilegra að staðsetja tenginguna um miðvik kaflans á Hafravatsvegi og gera þá ráð fyrir gatnamótum með aðgreindum akstursstefnum.

**Svar:** Lagt er til að útbúin verði sérákvæði í kafla 4.4 um lóðina Gandálfsmörk 1, í samræmi við önnur sérákvæði sem hafa verið útbúin á svæði B fyrir Hólmsheiðarveg 100 og 101. Lagt er til að:

- Lækka nýtingarhlutfall í 0,4.
- Fella niður bindandi byggingarlínu.
- Hámarkshæð húsa verði 16 m óháð fjölda hæða.
- Að fram komi að athafnasvæði sunnan við byggingu að Suðurlandsvegi megi ekki nota sem geymslusvæði.

Varðandi vegtengingu inn í hverfið þá byggir sú útfærsla á ítarlegri samgöngugreiningu í samráði við Vegagerðina og samöngugudeild Reykjavíkurborgar. Sú tenging sem hefur verið valin inn í hverfið er talin æskilegust til lengri framtíðar. Bent er á að tenging til vesturs í átt til Reykjavíkur er áætluð í framtíðarskipulagi á stækkun athafnasvæðis Hólmsheiði, í samræmi við tengiveg sem er skilgreindur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sbr. mynd að neðan sýnir. Ekki er þó vitað hvenær skipulagsvinna fyrir stækkun svæðisins byrjar né hvenær megi eiga von á þeirri tengingu inn á athafnasvæðið frá Vegbrekkum við hesthúsabyggðina.



bls. 4

### Niðurstaða

Lagt er til að auglýst tillaga fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

- Settur er fyrirvari inn í skilmála um að ekki verði formlega úthlutað neinni lóð á suðurhluta svæðisins, fyrr en niðurstöður áhættumatsins og viðbragðsáætlunar liggja fyrir.
- Sett verði inn í skilmála sérákvæði í kafla 4.4 um lóðina Gandálfsmörk 1 sem innibera eftirfarandi:
  - Lækkun nýtingarhlutfals í 0,4
  - Niðurfellingu á bindandi byggingarlínu,
  - Rýmkun á heimildum um hámarkshæð þ.e.a.s. að þau verði 16 m óháð fjölda hæða
  - Athafnasvæði sunnan við byggingu að Suðurlandsvegi megi ekki nota sem geymslusvæði.
- Við hönnun lóða skal reynt að hlífa gróðri sem fyrir er, eftir því sem verður við komið, sér í lagi trjágróðri og verðmætum gróðurvistgerðum.
- Við hæðarsetningu lóða og bygginga, auk hönnunar ofanvatnslausna þarf að huga að afrennsli frá aðliggjandi grænum svæðum. Tryggja þarf framrás þess og huga að öruggri uppsöfnun, sérstaklega við stærri úrkomuatburði og í leysingum


Uppdrættir og greinargerð er uppfært í samræmi, dags. 5. apríl 2019.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs  
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson, Lilja Grétarsdóttir



Anna Lísá Guðmundsdóttir  
Margrét Björk Magnúsdóttir

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags athafnasvæðis á Hólmsheiði



Reykjavík 2018

Borgarsögusafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 192

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags athafnasvæðis á Hólmsheiði

Anna Lía Guðmundsdóttir  
Margrét Björk Magnúsdóttir

**Reykjavík 2018**

Borgarsögusafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 192

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,  
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lía Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu: Lofljósmynd frá 2017 úr grunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur. Kortagerð  
Anna Lía Guðmundsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 192

Reykjavík 2018

Öll réttindi áskilin.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Formáli .....	3
1. Inngangur .....	4
2. Skráning menningarminja .....	5
2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja .....	5
2.2 Tilgangur og aðferðafræði fornleifaskráningar .....	7
2.3 Hættumat .....	8
3. Saga Hólms 181149-213 .....	8
4. Minjar og örnefni .....	10
5. Fornleifaskrá .....	13
Hólmur 1953-1 (213-32) .....	13
Hólmur 1953-2 (213-33) .....	15
Hólmur 1953-3 (213-34) .....	15
Hólmur 1953-4 (213-66) .....	16
Hólmur 1953-5 (213-79) .....	17
Hólmur 1953-6 (213-80) .....	17
Hólmur 1953-7 (213-83) .....	18
Hólmur 1953-8 (213-101) .....	19
Hólmur 1953-9 (213-102) .....	19
Hólmur 1953-10 (213-103) .....	20
Hólmur 1953-11 (213-104) .....	21
Hólmur 1953-12 (213-105) .....	21
Hólmur 1953-13 (213-106) .....	22
Hólmur 1953-14 (213-107) .....	22
Hólmur 1953-15 (213-108) .....	23
Hólmur 1953-16 (213-109) .....	23
Hólmur 1953-17 (213-110) .....	24
Hólmur 1953-18 (213-111) .....	25
Hólmur 1953-19 (213-112) .....	25
Hólmur 1953-20 (213-113) .....	26
Hólmur 1953-21 (213-114) .....	26
Hólmur 1953-22 (213-115) .....	27

Hólmur 1953-23 (213-116).....	28
Hólmur 1953-24 (213-117).....	28
Hólmur 1953-25 (213-118).....	29
Hólmur 1953-26 (213-119).....	29
6. Niðurstöður .....	30
Heimildir .....	31
Viðauki.....	33

## Formáli

Hér á eftir fer rannsókn og skrá yfir fornleifar og yngri minjar á svæði sem tilheyrir jörðinni Hólmi í Reykjavík. Á svæðinu er áætlað að skipuleggja atvinnuhúsaloðir.

Svæði er um 47 hektarar og afmarkast af Suðurlandsvegi að sunnan, Hafravatnsvegi að austan, Hólmsheiðarvegi að norðan sem liggur vestan við nýja fangelsið og sunnan við lóð Landsnets sem á er tengivirki sem kennt er við Geitháls, að vestan afmarkast svæðið við Hestabrekkuhæð og Hestabrekkur að háspennulínu sem liggur í suðvestur að Suðurlandsvegi. Fornleifaskráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna deiliskipulagsgerðar.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Í 16. gr. er fjallað um skráningu vegna skipulags þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.<sup>1</sup> Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.<sup>2</sup> Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...*húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.*“<sup>3</sup>

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabíl unnið að fornleifa-skráningu sem er forsenda þess að geta verndað fornleifar. „Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar auknar kröfur „um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdarsvæðum.“<sup>4</sup> Skráningin upplýsir framkvæmdaðila um tilvist og staðsetningu fornleifanna og kemur þannig í veg fyrir að þeir brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifarnar.<sup>5</sup>

Ágúst 2018,

María Karen Sigurðardóttir,  
deildarstjóri minjavörslu og rannsóknar,  
Borgarsögusafni Reykjavíkur

<sup>1</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

<sup>2</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 1. kafli, 3. gr. og 7. kafli, 29. gr.

<sup>3</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 7. kafli, 30. gr.

<sup>4</sup> *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.

<sup>5</sup> Skráning fornleifa. (e. d.).

## 1. Inngangur

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifum og öðrum menningarminjum á hluta jarðarinnar Hólms í Reykjavík (181149-213) vegna deiliskipulagsgerðar (sjá mynd 1). Deiliskipulagsreiturinn nær yfir um 47 hektara landsvæði þar sem markmiðið er að skipuleggja lóðir fyrir gagnaver auk annarra fjölbreyttra atvinnulóða í samræmi við skilgreiningu athafnasvæðis í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 o. fl.<sup>6</sup>



Mynd 1. Kortið sýnir afmörkun rannsóknarsvæðisins með gulri línu brotalínu og helstu örnefni á svæðinu.<sup>7</sup>

Fornleifaskráningin er byggð á tveimur eldri skráningum: *Vegna deiliskipulags atvinnuhúsaloða á Hólmsheiði* (2007) og *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá* (2010).<sup>8</sup> Þessar skráningar miðuðust við deiliskipulagsstig og þjóðminjalög þess tíma. Nú hefur fornleifaskráningin verið endurskoðuð miðað við lög um menningarminjar nr. 80/2012, og nógildandi reglur um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands og voru minjar innan rannsóknarsvæðisins uppmældar og ljósmyndaðar.<sup>9</sup>

Anna Lísu Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir unnu að vettvangsskráningu í desember 2017 og maí 2018. Samhliða var unnið að heimildarannsókn, úrvinnslu gagna og skýrslugerð.

<sup>6</sup> Hólmsheiði, athafnasvæði, skipulags- og matslýsing vegna nýs deiliskipulags. Sótt 11. júlí 2018 af <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/holmsheiði-athafnasvaedi>

<sup>7</sup> LUKR: *Lágflugsloftmynd 28/7 2017*. Örnefni eru fengin úr örnefnaskrá Hólms og Grafar. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísu Guðmundsdóttir.

<sup>8</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2007, *Vegna deiliskipulags atvinnuhúsaloða á Hólmsheiði, fornleifaskráning og örnefni*, greinagerð, bréfasafn Borgarsögusafns. Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2010.

<sup>9</sup> *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013. Oddgeir Isaksen, 2016, 9.

Skýrslan hefst á því að fjallað er almennt um skráningu og verndun menningarminja, tilgang og aðferðir fornleifaskráningar og lagt mat á hættu sem kann að steðja að minjum. Þá er farið yfir sögu jarðarinnar sem fornleifarnar eru skráðar undir, minjar og örnefni. Í fornleifaskrá er greint frá fornleifum og öðrum menningarminjum sem eru innan svæðisins. Að lokum eru niðurstöður og hnitaskrá í viðauka.

Verkefnanúmer Minjastofnunnar Íslands: **1953**.<sup>10</sup>

## 2. Skráning menningarminja

### 2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningar- málaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.<sup>11</sup>

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirlönd þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

<sup>10</sup> Oddgeir Isaksen, 2016, 3 og 10.

<sup>11</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012.



Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhus, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé

beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 2.2 Tilgangur og aðferðafræði fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er í raun grundvöllur fyrir varðveislu fornleifa. Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2018) eru um 3.400 minjastaðir skráðir. Safnið skráir allar minjar í Sarp – menningarsögulegan gagnagrunn.<sup>12</sup> Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer fengið úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu þ.e. númer fornleifa innan jarðarinnar. Á rannsóknarsvæðinu sem hér um ræðir eru minjar skráðar undir jörðina Hólm sem hefur landsnúmerið (181149) og jarðanúmerið (213).

Fornleifaskráningin er unnin eftir stöðlum um skráningu fornleifa Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.<sup>13</sup> Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri, hér skammstafað MÍ- númer, og hlaut þetta verkefni númerið **1953**. Í þessari skýrslu fá allar minjar nafn jarðarinnar og tvö númer ásamt hlaupandi tölu. Annars vegar MÍ númer sem vísað er til í texta og á kortum og hinsvegar jarðarnúmer úr Sarpi innan sviga ásamt hlaupandi tölu: **Hólmur 1953-1 (213-32)**.

Við skráningu á fornleifum og öðrum menningarminjum er byrjað á því að skoða heimildir sem varða viðkomandi svæði sem vísað er til eftir því sem við á. Ritaðar heimildir og fyrri rannsóknir eru kannaðar og rýnt er í kort og loftmyndir af rannsóknarsvæðinu. Þessi skráning er byggð að hluta til á eldri skráningum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um rannsóknarsvæðið og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðhættum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef heimild er fyrir minjunum en þær finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft, yfirleitt út frá tegund og staðsetningu og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsupprætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN93 sem punktar. Ef minjarnar eru sjáanlegar eru þær hnitsettar og mældar upp á vettvangi með GPS tæki.

Minjar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum sem varða sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit.

<sup>12</sup> sarpur.is

<sup>13</sup> *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Tafla 1 Minjaflokkar


Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
2	Minjar frá 1918-1930	Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

### 2.3 Hættumat

Lagt var mat á hættu sem minjar á úttektarsvæðinu eru í út frá þessu tiltekna deiliskipulagi. Hættumatið miðast yfirleitt við fjarlægð minja frá framkvæmdum þannig að eftir því sem minjar eru nær framkvæmdasvæðinu því meiri líkur eru á að þær verði fyrir hnjaski en minjar sem eru fjær. Minjarnar voru flokkaðar samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í þrjú flokka: Engin hætta, lítil hætta og mikil hætta.<sup>14</sup>

## 3. Saga Hólms 181149-213

Hólmur er efsta býlið í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Það stendur við Hólmsá í jaðri Hólmsbrauns, sunnan Suðurlandsvegar. Ekkert er vitað um upphaf byggðar þar. Jörðin hefur orðið eign Viðeyjarklausturs um 1234 en í máldagaskrá um eignir staðarins segir: „Hamvndur gaf til staðarins holm þann. er liggir j elliða am. niðr fra Vatzenda holmi.“<sup>15</sup> Jarðarinnar er getið í skrá um þær jarðir sem komið höfðu undir Viðeyjarklaustur síðan Páll ábóti kom til Viðeyjar: „Hólmur xxx c.“<sup>16</sup>


 Mynd 2. Túnakort af Hólmi frá árinu 1916. Kortið sýnir staðsetningu bæjarhúsanna.<sup>17</sup>

<sup>14</sup> Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.

<sup>15</sup> Íslenskt fornbréfasafn, I., bindi, 507.

<sup>16</sup> Íslenskt fornbréfasafn, III., bindi, 598.

<sup>17</sup> ÞÍ: Hólmur 1916. Túnakort.




Mynd 3. Túnakort Hólms 1916 varpað yfir loftmynd frá árinu 2017.<sup>18</sup>

Við siðaskipti varð jörðin konungseign sem og aðrar klausturjarðir. Í Jarðabókinni 1703 er greint frá margháttuðum kvöðum sem hvíldu á ábúandanum á Hólmi. Segir meðal annars frá því að ábúandi þurfti að fara í verslun á Eyrarbakka fyrir Bessastaðamenn og tók ferðin viku í hvert sinn. Jarðabókin greinir einnig frá því að á Hólmi sé skógur aldeilis eyddur og hrísrif orðið naumlegt. Jörðin hélst í eigu ríkisins fram til um 1960 að Reykjavíkurborg keypti hana.<sup>19</sup>

Hólmur var í alfaraleið fyrir þá sem voru áttu leið um Suðurland og þegar nýr vagnavegur var gerður á árunum 1886-1892 var hann lagður norðan við Hólmsá. Nýbýlið og gistihúsið Geitháls var svo byggt við veginn árið 1907 úr landi Vilborgarkots á gatnamótum Suðurlandsvegur og Þingvallavegar sjá mynd 4. Enginn búskapur er á Hólmi lengur. Bakkakot var byggt í landi Hólms árið 1950 auk sumarhúsabyggðar sem er á bökkum Hólmsár og Suðurár.

<sup>18</sup> Þí: *Hólmur 1916*, túnakort. LUKR: *Lágflugsloftmynd 28/7 2017*. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lís Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

<sup>19</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III., 282-283. Páll Línadal, 1989, 2. bindi, 54.



Mynd 4. Kort frá árinu 1909 sem sýnir þá gamla Suðurlandsveginn (1953-3) frá Rauðavatni og austur með Hólmsá að norðanverðu og leiðina til Þingvalla sem fór vestan við Geitháls, tvöföld lína Núverandi skráningarsvæðið er merkt með rauðri slitróttri línu.<sup>20</sup> Gamla leiðin til Þingvalla fer inn á skráningarsvæðið samkvæmt þessu korti, en var í raun austar og er því ekki inni á þessu svæði.

## 4. Minjar og örnefni

Deiliskipulagssvæðinu hefur að stærstum hluta verið lítið raskað í gegnum tíðina, þar voru áður beitilönd frá Hólmi. Bæjarstæði Hólms og flest útihús bæjarins voru sunnan við Hólmsá fyrir utan útihús á *Beitarhúsaól* sem er um 70 m fyrir sunnan skráningarsvæðið. Elsti slóðinn (1953-1), forveri elsta Suðurlandsvegur, liggur líklega þar syðst um og elsti Suðurlandsvegurinn (1953-2) sem lagður var á árunum 1886-1892 er sunnan við deiliskipulagssvæðið, nú notaður sem reiðvegur. Nyrst á svæðinu er *Skyggnisdalur*. Hann dregur nafn sitt af *Stóraskyggni* sem var landamerki á milli jarðanna *Reynisvatns* og *Miðdals*. Vestan við Skyggnisdal eru *Hestabrekkuhæð* og *Hestabrekkur*.

Fyrstu byggingarnar á deiliskipulagssvæðinu voru reistar á hernámsárunum, herskálahverfi syðst á svæðinu sem nefnd voru Camp Swansea og Camp Phinney en austar, einnig í landi Vilborgarkots/Geitháls, var Camp Aberdeen.<sup>21</sup> Eftir að herinn hvarf á braut nýttu Íslendingar hluta af mannvirkjunum sem herinn skildi eftir sig. Búið var í þremur húsum fram eftir 20. öld í Heiðarhvammi, Heiðarseli og Sólvöllum.<sup>22</sup>


<sup>20</sup> Lí: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

<sup>21</sup> Þór Whitehead, 2002, 125.

<sup>22</sup> Guðríður Eygló Þórðardóttir. Munlegar upplýsingar 18.6.2018.



Mynd 5. Húsið Heiðarhvamur í Hólmsheiði um árið 1960, þetta hús var byggt af hernum.<sup>23</sup>



Mynd 6. Örnefni á svæðinu og afmörkun rannsóknarsvæðisins.<sup>24</sup>

<sup>23</sup> Eigandi myndar: Guðríður Eygló Þórðardóttir.

<sup>24</sup> LUKR: Lágflugsloftmynd 28/7 2017. Örnefni eru fengin úr örnefnaskrá Hólms, Grafar og Geitháls. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lís Guðmundsdóttir.

Um 1949 var hafin framleiðsla á steinull í einum af stóru bröggunum sem áður hafði verið notaður sem kvikmyndahús af setuliðinu. Efni til steinullargerðar var sótt í Rauðhóla. Tvö hús voru svo á austanverðu svæðinu og nefndist annað þeirra Vindheimar. Á árunum 1965-80 voru svæði á Hólmsheiðinni tekin undir skreiðaburkkun þar sem fiskur var hengdur upp á timburtrönur sumarlangt til þurrkunar.




Mynd 7. Steinullarverksmiðjan á Hólmsheiði.<sup>25</sup>

Í dag má enn greina ummerki eftir herinn á svæðinu, þ.e.a.s. vegakerfið og steyptar undirstöður og gólf þar sem braggar og byggingar setuliðsins stóðu áður. Svæðið er í dag skógi vaxið og er notað til útivistar.

<sup>25</sup> Ljósmyndasafn Reykjavíkur mynd: ALb 014036 7-5.

## 5. Fornleifaskrá

Í þessum kafla er birt skrá yfir minjar og minjasvæði á hluta jarðarinnar Hólms vegna nýs deiliskipulags; Hólmsheiði, athafnasvæði.<sup>26</sup>



Mynd 8. Skráðar fornleifar og yngri minjar á syðri hluta svæðisins, engar minjar eru skráðar á nyrðri hluta deiliskipulagssvæðisins.<sup>27</sup>

### Hólmur 1953-1 (213-32)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1953-1	213-32		Leið	Gata	900-1884	367455	401809	1620	1	Gott	Nei

**Staðhættir:** Gatan er norðan við Suðurlandsveg. Vegurinn er trúlega einn af þremur leiðum sem kallaðir eru þjóðvegir um Mosfells- og Gufunessóknir samkvæmt lýsingu Stefáns Þorvaldssonar frá 1855.<sup>28</sup> Þar er leiðinni lýst þannig að hún liggir suðaustan yfir Hellisheiði fyrir sunnan Helliskot (Elliðakot) og norðan Klapparholts og Árbæjar. Gamla gatan byrjar að verða greinileg um 50 m fyrir sunnan Almannaadal þar sem nú er búið að planta grenitrjám, sjá mynd 9. Vegurinn upp í Fjárdalur hefur verið lagður yfir götuna. Gatan liggur austur eftir Vegbrekkum innri og Vegbrekkum ytri, í Mjódal hefur verið borið í hana og hún notuð sem akvegur.<sup>29</sup> Á því svæði sem hér er til umfjöllunar verður gatan aftur greinilega norðan við bílfæran slóða. Gatan liggur með þessum vegi 130 m í suðaustur að hliðarvegi við Suðurlandsveg og með honum í rúma 200 m í austur þar sem hún hverfur. Örnefnið *Vegbrekkur* gefur til kynna að þarna hafi verið götur fyrir 1918. Mikið er af fornum leiðum í

<sup>26</sup> Hólmsheiði, athafnasvæði, skipulags- og matslýsing vegna nýs deiliskipulags.


<sup>27</sup> LUKR: Lágflugsloftmynd 28/7 2017.

<sup>28</sup> Stefán Þorvaldsson, 1937-1939.

<sup>29</sup> Örnefnaskrá Grafar eftir Björn Bjarnason (181179-2).



nágrenninu við Almannaðal og taldi Björn Bjarnason bóndi í Gröf að í Almannaðal hafi verið vegamót úr fimm áttum fyrr á tímum. Vegur þessi (1953-1) var reiðgata um 1970 fyrir þá sem áttu leið úr Reykjavík að Geithálsi en lagðist af sem reiðgata þegar núverandi Suðurlandsvegur var gerður og eldri vegur varð gerður að reiðvegi.



Mynd 9. Á kortinu má sjá gömlu leiðina (1953-1) og hluta af fyrsta Suðurlandsveginum (1953-3).



Mynd 10. Vegur (1953-1) horft í vestur.



Mynd 11. Vegur (1953-1) horft í austur.

**Lýsing:** Gatan er gróin, um 2 m breið og er 1 m á dýpt á kafla. Á einstaka stað í götunni er að finna stórgrýti. Austar greinist gatan í tvennt og er syðri hlutinn eldri, en borið hefur verið í þann nyrðri. Göturnar sameinast aftur rétt vestan við bratta hraunklöpp en ekki er að sjá að klöppin sé slitin eftir mikla umferð. Austan við Mjóadal við áætlaðar atvinnuhúsaloðir á Hólmsheiði er gatan um um 1 m breið og um 70 cm djúp.

**Hættumat:** Mikil hætta. **Hættuorsök:** Framkvæmdir.

### Hólmur 1953-2 (213-33)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1953-2	213-33		Skurður	Skurður	1960	367317	401823	70	1	Gott	Nei



Mynd 12. Skurður (1953-2), horft í norðvestur.



Mynd 13. Skurður (1953-2), teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Í lúpínugrónu holti norður af Hólmi er skurður. Hann byrjar við ummerki eftir bragga (1953-13) og liggur í norðvestur og endar um 150 m austan við mastur og um 40 m norður af Suðurlandsveg á móts við afleggjarann heim að Hólmi. Á loftmynd frá árinu 1975<sup>30</sup> má sjá að skurðurinn náði austur að Sólvöllum og vestur að veginum heim að Fagrahvammi.

**Lýsing:** Skurðurinn er um 70 m langur og um 1-1,5 m á breidd.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

### Hólmur 1953-3 (213-34)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1953-3	213-34	Suðurlandsvegur	Vegur	Vegur	1886-1970	367735	401729		3	Sæmilegt	Nei



Mynd 14. Hluti af gamla Suðurlandsveginum (1953-3) sem er innan deiliskipulagssvæðisins, horft í vestur.



Mynd 15. Hluti af gamla Suðurlandsveginum (1953-3) sem er innan deiliskipulagssvæðisins, horft í austur.

<sup>30</sup> Landmælingar Íslands; Kort -D25-D-7512, 1975-08-21.

**Staðhættir:** Fyrsti Suðurlandsvegurinn frá Reykjavík og austur í Svínahraun var lagður á árunum 1886–1892.<sup>31</sup> Sjá mynd 4 og 9. Þegar byrjað var að leggja hann 1886 voru enn deilur um vegstæðið frá Hólmi að Svínahrauni. Í janúar 1888 er sagt frá skemmdum á veginum vegna flóða í Ísafold.<sup>32</sup> Í landi Hólms er hann enn sjáanlegur frá Almannadalsmynni, með Vegbrekkum ytri og innri að Fossnesi og upp á brekkubrúnina við Fagrahvamm (sumarhús). Þar hverfur hann undir nýja veginn, en kemur síðan aftur í ljós við heimkeyrsluna að Hólmi. Þar liggur hann með nýja veginum að sunnan og síðan hverfur hann aftur undir Suðurlandsveginn rétt austan við afleggjarann heim að Bakkakoti, kemur í ljós aftur norðan við veginn, um 120 m vestan við Hafravatnsveg og liggur í átt að Geithálsi.

**Lýsing:** Vegurinn var upphaflega 10 fet á breidd (3,13 m). Lítið er sjáanlegt af þeim vegi nema hugsanlega púkk við brekkubrúnina við Fagrahvamm. Við lagningu nýja Suðurlandsvegarins (1966–1972) lagðist eldri vegur af og hefur ekki verið haldið við þó hann sé akfær og notaður sem reiðvegur í dag.<sup>33</sup>

**Hættumat:** Lítil hætta.


**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

### Hólmur 1953-4 (213-66)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1953-4	213-66	Camp Phinney	Herbúðir, bíó, verksmiðja,	Steyptur grunnur	1940	367711	401759	39	5,5	Slæmt	Að hluta



Mynd 16. Leifar af grunnri steinullarverksmiðju (1953-4), horft í austur.



Mynd 17. Ummál greinanlegra leifa af grunnri steinullarverksmiðju (1953-4), teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Bragginn stóð um 85 m vestan við Hafravatnsveg og 65 m norður af núverandi Suðurlandsvegi. Á hernámstíma var bragginn notaður sem kvikmyndahús en var breytt í steinullarverksmiðju 1949,<sup>34</sup> sjá mynd 7.

**Lýsing:** Gróðri vaxnar steypuleifar og hugsanlega niðurgröftur í vesturhluta. Miðað við ljósmyndina af steinullarverksmiðjunni eru það leifar af norðurhluta grunnsins sem eru greinanlegar.

of Iceland

Reykjavíkurborg - Skipulagsfulltrúi  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 15. ágúst 2018  
MÍ201808-0019/ 6.09 / K.M.

## Efni: Hólmsheiði. Athafnasvæði. Deiliskipulag.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Lilju Grétarsdóttur arkitekts hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar frá 19. júlí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um drög að tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis á Hólmsheiði.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Skipulagið nær til um 60 ha svæðis. Svæðið afmarkast af Suðurlandsvegi og Hólmsá í suðri og borgarmörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar í austri. Að norðan nær svæðið að spennivirki Landsnets og að vestan upp að 100 m helgunarsvæði háspennulína Landsnets. Tillagan gerir ráð fyrir afmörkun athafnalóða innan skipulagssvæðisins.


Fyrir liggja drög að skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur, *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á athafnasvæði í Hólmsheiði*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir skráningu minja innan deiliskipulagssvæðisins. Skráðir voru 26 minjastaður. Langstærstur hluti minjanna eru ýmsar herminjar frá tímum seinni heimstyrjaldarinnar. Alls eru þetta 17 steyptir grunnar eða plötur sem eru undan bröggum og öðrum húsum sem byggð voru af setuliðinu. Á svæðinu eru einnig steyptir grunnar þriggja húsa, sumarhúss, Vindheima og Sólvalla sem öll voru byggð um og eftir stríð. Þá fundust leifar kartöflukofa, fiskitrana og manngerðs skurðar, allt tiltölulega nýlegar minjar. Loks liggja tvær leiðir um skipulagssvæðið.

Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Einu minjarnar sem skráðar voru á skipulagssvæðinu á Hólmsheiði og falla undir skilgreiningu laganna um fornleifar eru tvær leiðir.

Gata (1953-1) er talin hafa verið gerð fyrir árið 1884. Um hana segir m.a. í fornleifaskráningarskýrslunni:

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.





Gatan er norðan við Suðurlandsveg. Vegurinn er trúlega einn af þremur leiðum sem kallaðir eru þjóðvegir um Mosfells og Gufunessóknir... Á því svæði sem hér er til umfjöllunar verður gatan aftur greinilega norðan við bílfæran slóða. Gatan liggur með þessum vegi 130 m í suðaustur að hliðarvegi við Suðurlandsveg og með honum í rúma 200 m í austur þar sem hún hverfur. Örnefnið Vegbrekkur gefur til kynna að þarna hafi verið götur fyrir 1918. Mikið er af fornum leiðum í nágrenninu við Almannadal og taldi Björn Bjarnason bóndi í Gröf að í Almannadal hafi verið vegamót úr fimm áttum fyrr á tímum. Vegur þessi (1953-1) var reiðgata um 1970 fyrir þá sem áttu leið úr Reykjavík að Geithálsi en lagðist af sem reiðgata þegar núverandi Suðurlandsvegurinn var gerður og eldri vegur varð gerður að reiðvegi... Gatan er gróin, um 2 metra breið og er 1 meter á dýpt á kafla. Á einstaka stað í götunni er að finna stórgrýti. Austar greinist gatan í tvennt og er syðri hlutinn eldri, en borið hefur verið í nyrðri. Göturnar sameinast aftur rétt vestan við bratta hraunklöpp en ekki er að sjá að klöppin sé slitin eftir mikla umferð. Austan við Mjóadal við áætlaðar atvinnuhúsalóðir í Hólmsheiði er gatan um 1 m breið og um 70 cm djúp.

Um hina leiðina, fyrsta Suðurlandsveginn (1953-3), má lesa eftirfarandi í skýrslu Borgarsögusafnsins:

Fyrsti Suðurlandsvegurinn frá Reykjavík og austur í Svínahraun var lagður á árunum 1886–1892... Vegurinn var upphaflega 10 fet á breidd (3,13 m). Lítið er sjáanlegt af þeim vegi nema hugsanlega púkk við brekkubrúnina við Fagrahvamm. Við lagningu nýja Suðurlandsvegarins (1966–1972) lagðist eldri vegur af og hefur ekki verið haldið við þó hann sé akfær og notaður sem reiðvegur í dag. Suðurlandsvegurinn liggur í gegnum suðausturhorn skipulagssvæðisins.

Fjallað er um minjar í köflum 2.7, 3.16, 5.8 og 5.10 í greinargerð og umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar. Þar segir m.a. að engar minjar sem lúta formlegri friðun séu á svæðinu. Þetta er ekki allskostar rétt því eins og fram kemur hér að ofan teljast leifar mannvirkjan sem orðnar eru eldir en 100 ára til fornleifa og njóta þar með friðunarákvæða laga um menningarminjar. Leiðirnar tvær, 1952-1 og 1953-3, eru fornleifar í skilningi laganna.

Minjastofnun telur að færa þurfi staðsetningu og útlínur minja á skipulagssvæðinu inn á skipulagsupprátt. Í greinargerð/umhverfisskýrslu þarf að fjalla um áhrif skipulagsins á minjarnar. Í umhverfisskýrslu með drögum að tillögu að deiliskipulaginu segir að deiliskipulagstillagan taki tillit til vegar, sennilega 1953-1, að hluta til og að gert sé ráð fyrir að hluta hans verði ekki raskað. Gera þarf betri grein fyrir því hvað hér um ræðir í texta og á uppdrætti deiliskipulagstillögunnar.

Minjastofnun telur að ljúka þurfi við skráningarskýrslu og senda hana ásamt mælingagögnum til stofnunarinnar, sbr. 16. laga um menningarminjar. Minjastofnun Íslands óskar eftir að fá deiliskipulagstillöguna til umsagnar þegar hún liggur fyrir í endanlegri mynd. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

*Afrit sent í tölvupósti:*

Lilja Grétarsdóttir ([lilja.gretarsdottir@reykjavik.is](mailto:lilja.gretarsdottir@reykjavik.is))


Byggingarfulltrúinn í Reykjavík ([byggingarfulltrui@reykjavik.is](mailto:byggingarfulltrui@reykjavik.is))

Borgarsögusafn Reykjavíkur ([minjavarsla@reykjavik.is](mailto:minjavarsla@reykjavik.is))



Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

 Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi	
Mótt.	21. FEB. 2019
Skjaln.	Ábm.

Mosfellsbæ, 18. febrúar 2019  
erindi nr. 201707030/19.3 ÓM

### Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 478. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 14. 02. 2019, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

#### Hólmsheiði athafnasvæði


Borist hefur erindi frá Reykjavíkurborg dags. 5. febrúar 2019 varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði athafnasvæði.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

  
Skipulagsfulltrúi  
Mosfellsbæjar

Ólafur Melsted  
Skipulagsfulltrúi

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.



Reykjavíkurborg  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2019  
UST201902-094/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag athafnarsvæðis - Hólmsheiði – Reykjavík**

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnarsvæði á Hólmsheiði í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Tillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnasvæði með fjölbreyttum athafnalóðum á Hólmsheiði og lóðir undir gagnaver.

Markmið tillögunar er m.a. að halda í og skapa græna ímynd byggðar og umhverfis m.a. með því að halda í núverandi gróður og skógrækt eins og unnt er og styrkja með nýrri gróðursetningu og landmótun.

#### **Vatnsvernd**

Athafnasvæðið á Hólmsheiði er að hluta til innan öryggissvæðis fyrir grunnvatn samkvæmt vatnsverndarkorti samþykkt 555/2015 og í gr. 56 segir;

*„Skipulag byggðar þ.m.t. íbúðabyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hættu sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs“.*

Í greinargerð kemur fram að ekki er gerð krafa um olúskiljur.t.d. frá bílastæðum en fyrir ákveðna starfsemi getur verið krafa í starfsleyfi um ýmsan mengunarvarnarbúnað, t.d. olúskiljur. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunar að farið verður eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, en í 4. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar segir: „*Olúskilja skal vera af þeirri stærð að hún anni*

*Því vatnsálagi sem ætla má að borist geti af því svæði sem tengt er í olíuskiljubúnaðinn. Mögulegt skal vera að taka sýni í frárennsli. Á frárennsli frá olíuskilju skal vera einstreymislóki ef hætta er talin á bakrennsli í skilju. Hönnun og notkun skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.“*

### **Gróður og mótvægisáðgerðir**

Í greinargerð kemur fram að gróðurþekja svæðisins í heild mun minnka við uppbyggingu athafnasvæðis á Hólmsheiði, en á móti þeim ræktunarsvæðum sem fara undir byggð er gert ráð fyrir að planta í jafn stórt svæði annarsstaðar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar grasmóavist og lyngmóavist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum verði ekki raskað.

Í greinargerð kemur fram að vanda skal til alls frágangs settjarnar, fella hana vel að landi og staðháttum. Auk þess kemur fram að forðast skal óþarfa rask og það rask sem kann að verða við framkvæmdirnar skal græða upp með staðargróðri sem er einkennandi fyrir hvert svæði fyrir sig. Er það hægt m.a. með því að fræslægja á rasksvæði að framkvæmd lokinni.

Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður ætti þegar við á, að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að röskuð svæði verða grædd upp með staðargróðri sérstaklega ef um er að ræða vistgerðir sem hafa verndargildi.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
b.t. Björns Inga Edvardssonar  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2019  
Tilvísun: 2019020076/10.3


### **Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að nýju deiliskipulagi á Hólmsheiði, athafnasvæði**

Vísað er til bréfs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2019 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi á Hólmsheiði, athafnasvæði. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði liggur í jaðri vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins m.a. að hluta inni á öryggissvæði fyrir grunnvatn, næst Suðurlandsvegi. Samkvæmt skipulaginu verður þar einungis leyfð starfsemi sem ekki hefur mengunarhættu í för með sér. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja.

HER hefur við gerð deiliskipulagsins komið með athugasemdir, m.a. að flytja þyrfti settjörn út af skilgreindu vatnsverndarsvæði og hefur það nú verið gert. HER ítrekar þó það sem áður hefur komið fram í athugasemdum embættisins að mikilvægt sé að leita frekari leiða með að rennsli ofanvatns af athafnasvæðinu renni við öfgaaðstæður ekki inn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

HER tekur einnig undir bókun Framkvæmdarstjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins í fundargerð dags. 28. febrúar sl. "*Framkvæmdastjórn hefur yfirfarið deiliskipulagið fyrir Hólmsheiði og gerir ekki athugasemdir ef frá er talið að skoða þarf hvort hægt sé að leita frekari leiða með rennsli ofanvatns af athafnasvæðinu þannig að það renni ekki inn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins við öfgaaðstæður. Þar sem hluti svæðisins fer inná öryggissvæði grunnvatns sbr. vatnsverndarkort samþykkt 2015, er mikilvægt að huga sérstaklega að vöktun á framkvæmdatíma um leið og lögð verði áhersla á að sú starfsemi sem fer inn á svæðið hafi ekki mengunarhættu í för með sér.*"

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

  
Kristín Lóa Ólafsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Umhverfis- og byggingarsvið Reykjavíkur  
Ann María Andreassen  
Borgartúni 12  
Reykjavík

11. mars 2019  
2019-02-33/0.11.2

**Efni: Deiliskipulag fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði. Umsögn Landsnets.**

Landsneti barst ósk um umsögn vegna deiliskipulagstilögu fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði, dags. 5. febrúar 2019.

Í kafla 2.4 greinargerðarinnar er fjallað um háspennulínur Landsnets þar sem segir m.a. „Byggðalína (raflína) sem er austast á svæðinu verður fjarlægð og jafnvel færð í jörðu.“ Á mynd 5 eru sýndar háspennulínur Landsnets þar sem þær liggja inn í tengivikið á Geithálsi.

Línan sem vísað er til „austast á svæðinu“ er væntanlega Sogslína 2. Hún liggur utan afmörkunar fyrir deiliskipulag fyrirhugaðs athafnasvæðis, ólíkt línunum sem þverar skipulagssvæðið (Hamraneslínu 1 og 2, sem eru á sömu möstrum). Landsnet telur æskilegt að textinn í greinargerðinni hvað varðar línuna „austast á svæðinu“ (Sogslínu 2) verði lagfærður þannig að ljóst sé að línan liggja utan deiliskipulagssvæðisins. Þá telur Landsnet að betra sé að nota ekki hugtakið „byggðalína“ um línuna, frekar að segja að um sé að ræða 132 kV línu sem sé hluti af meginflutningskerfi Landsnets.

Á þessu stigi hefur Landsnet ekki tímasett áform um að fjarlægja línuna eða setja í jörðu, en forsenda þess er önnur styrking flutningskerfisins á svæðinu.

Virðingarfyllt



Einar S. Einarsson  
framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs



## Minnisblað

### Dreifing

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

> Björn Ingi Edvardsson

Mjólkursamsalan ehf.

> Ari Edwald

> Pálmi Vilhjálmsson

11.3.2019

Tílefni

### MS dreifingarmiðstöð

Athugasemdir við deiliskipulag  
Hólmsheiðar

17337

Höfundur

Samúel Torfi Pétursson

Yfirfarið/Samþykkt

Grímur Már Jónasson

## 1 Inngangur

Mjólkursamsalan ehf. (MS) hyggur á flutning starfsemi sinnar í Reykjavík í nýtt húsnæði. Þann 11. september 2017 samþykkti borgarráð vilyrði um úthlutun lóðar undir nýbyggingu MS á fyrirhugðu athafnasvæði við Hólmsheiði. Í vilyrðinu kemur fram að staðsetning lóðarinnar verði nánar ákveðin í deiliskipulagi. Vilyrðið kveður á um 40.000 fm lóð undir ca. 11.000 fm nýbyggingu.

Deiliskipulag fyrir athafnasvæðið að Hólmsheiði fór í lögformlegt auglýsingaferli þann 28. janúar 2018 og er frestur til 11. mars til að skila inn athugasemdum. Við rýni á deiliskipulaginu er lóðin Dvalinsmörk 2 eina lóðin sem uppfyllir þau stærðarviðmið sem koma fram í vilyrði Reykjavíkurborgar til MS og því lítur MS svo á að lóðin Dvalinsmörk 2 sé umrædd lóð sem vilyrðið nær til.

Hér á eftir er gerð grein fyrir athugasemdum sem VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd MS, gerir við umrætt deiliskipulag og óskar eftir gerðar verði breytingar á deiliskipulaginu að teknu tilliti til þeirra áður en það er sent á Skipulagsstofnun til yfirferðar og samþykktar.

## 2 Athugasemdir við deiliskipulag Hólmsheiðar skv. auglýstri tillögu

### 2.1 Nýtingarhlutfall

Í fyrstu málsgrein kafla 3.8 segir að nýtingarhlutfall lóða miði við 0,5. Í skilmálatöflu, töflu 3 í kafla 4.3 fyrir lóðina Dvalinsmörk 2 er sama hlutfall tilgreint sem hámarksnýtingarhlutfall, eða 0,5. Miðað við lóðarstærð upp á 39.815 fm fyrir Dvalinsmörk 2 heimilar það byggingu upp á 19.908 fm. Það er töluvert umfram þær stærðarhugmyndir sem vilyrði borgarráðs til MS tilgreinir.

Áætlað er að nýbygging Mjólkursamsölunnar að Dvalinsmörk 2 verði í 1. áfanga um 12.000 fm að stærð og með síðari áföngum allt að 15.000 fm. Til að gæta að hagkvæmni verkefnisins að teknu tilliti til upplýsinga frá Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar þess efnis að lóðarhafar greiði byggingarréttar- og gatnagerðargjald af heimiluðu hámarksnýtingarhlutfalli samkvæmt deiliskipulagi, er óskað eftir því að hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni Dvalinsmörk 2 verði lækkað í 0,38 sem fyrsti kostur, að öðrum kosti niður í 0,4 eða að tilgreint verði hámarks byggingarmagn upp á 15.000 fm á lóðinni.

### 2.2 Bindandi byggingarlína

Í kafla 3.7 um byggingarreiti er kveðið á um að byggingar skuli fylgja 70% bundinni byggingarlínu. Fyrir lóðina Dvalinsmörk 2 er skilgreind bindandi byggingarlína á hluta af sunnanverðum byggingarreit.

Áform MS eru þess eðlis að ekki er heppilegt að tilgreina bindandi byggingarlínu fyrir bygginguna. Ekki er ólíklegt að hönnun hússins þurfi að gera ráð fyrir aðkomu og brottakstri á vörum til dreifingar og aðföngum við báðar langhliðar hússins, og mögulega fleiri hliðum þess. Óskað er eftir því að ákvæði um bindandi byggingarlínu verði alfarið felld niður fyrir byggingarreitinn á lóðinni Dvalinsmörk 2.


### 2.3 Hæðir húsa

Í töflu 1 í kafla 3.9 kemur fram að hámarkshæð bygginga sé bundin við fjölda hæða í húsinu. Miðað við skilmálana sem þar birtast er óheimilt að hámarkshæð byggingar á einni hæð verði meiri en 10 metrar. Sé hús á þremur hæðum er heimiluð hámarkshæð 16 metrar.

Áform MS um nýtt húsnæði á Hólmsheiði eru að mestu leyti undir nýtt vöruhús fyrir endurdreifingu og skammtímageymslu á neysluvörum. Sú starfsemi verður á einni hæð og er nauðsynlegt að þar sé unnt að stafla vörum í rekka á hæðina til að ná bestri nýtingu húsnæðisins. Umrædd hámarkshæð 10 metrar fyrir hús á einni hæð skv. deiliskipulagi er ekki aðgengileg af hálfu MS og er hér með óskað eftir því að felld séu út ákvæði um hámarkshæð húss eftir fjölda hæða hússins fyrir lóðina Dvalinsmörk 2. Í endanlegu deiliskipulagi verði eingöngu tilgreind hámarkshæð húss 16 metrar óháð fjölda hæða í húsi fyrir lóðina Dvalinsmörk 2.

### 2.4 Vegtenging inn í hverfið

Til að stuðla að hagkvæmum rekstri og til að draga úr umhverfisáhrifum er óskað eftir því að tekin verði til endurskoðunar fyrirhuguð gatnatenging hverfisins við Hafravatnsveg. Núverandi tenging þýðir að vöruakstur MS tekur á sig töluverðan krók. Sú tenging sem deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir, liggur að auki í innanverðri beygju sem er óheppilegt m.t.t. umferðaröryggis. Að mati VSÓ Ráðgjafar er heppilegra að staðsetja tenginguna um miðbik beina kaflans á Hafravatnsvegi og gera þá ráð fyrir gatnamótum með aðgreindum akstursstefnum. Tengingin á deiliskipulagstillögunni er ásættanleg verði breytingar á Hafravatnsvegi til framtíðar og eftir að hægt er að aka Gandalfsmörk til vesturs og inn á Suðurlandsveg, en miðað við stöðuna í dag er óskað eftir breytingum í þessa veru.





Reykjavík, 31. janúar 2019

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar  
Borgartún 12 – 14  
105 Reykjavík

## Efni: Þörf á rannsóknum á grunnvatnsstraumum, áhættumat og viðbragðáætlun á deiliskipulagssvæði á Hólmsheiði

Vísað er til tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði, sem var samþykkt til auglýsingar í skipulags- og samgönguráði 12. desember sl.

Veitur telja að sú hættu sem vatnsverndarsvæði í Heiðmörk stafar af uppbyggingu á svæðinu, sér í lagi á vatnsból við Gvendarbrunna, hafi ekki verið rannsökuð til hlítar. Því sé nauðsynlegt að áður en deiliskipulagstillagan verði staðfest verði vatnsstraumar á deiliskipulagssvæðinu á Hólmsheiði rannsakaðir, sér í lagi straumar innan svæðis og hvað verði um afrennslið af svæðinu, þ.e. hver sé viðtaki ef til mengunarslysa kemur. Sérstaklega er mikilvægt að leggja mat á hættu við aðstæður þegar vatnsbólín eru sem viðkvæmust, s.s. í stórum regnatburðum og asahláku. Regnvatnslausnir svæðisins eru hannaðar út frá 10 ára regnatburðum, en gera þarf áhættumat fyrir stærri regnatburði með 100 eða jafnvel 1000 ára endurkomutíma m.t.t. áhrifa á vatnsbólín. Enn fremur byggir hönnun fráveitu á dælulausnum, og er því nauðsynlegt er að tryggja að mengun leiti ekki inn á vatnsverndarsvæðið ef álag reynist meira en hönnun gerir ráð fyrir.

Líklegt er að hægt sé að koma hjá mengunarslysi vegna t.d. mikilla rigningaþurða með útfærslu í skipulagi, t.d. varnaveggi eða stækkun á settjörn. Slíkar varrúðarráðstafanir verða að byggja á rannsóknum svo hægt sé að staðsetja þá á réttum stað svo varnaraðgerðir geti verið hámarkaðar.

Á grundvelli ofangreinds beri að gera áhættumat á uppbyggingu svæðisins, ofanvatnsfráveitulausnum og að fyrir liggji viðbragðsáætlun áður en tillaga að deiliskipulagi verði samþykkt.

### Hagsmunir vatnsverndar

Skipulagssvæðið er að hluta til á öryggissvæði vegna grunnvatns og er það enn fremur í næsta nágrenni við vatnsverndarsvæði og vatnsból höfuðborgarsvæðisins þar sem Veitur sækja neysluvatn sem er dreift til höfuðborgarbúa. Svæðið er mikilvægt fyrir allt höfuðborgarsvæðið og mun mengunarslys á svæðinu geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir vatnsból Reykjavíkur við Gvendarbrunna og afleiddar afleiðingar fyrir vatnsforða nágrannasveitarfélaganna.

Samkvæmt samþykkt verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnafjarðarkaupstaðar (nr. 555/2015) er skipulagssvæði á öryggissvæði vatnsverndar. Öryggissvæðin er skv. gr. 3.13 samþykktarinnar „*skilgreind á svæðum þar sem mengun er mögulega talin geta borist af yfirborði með írennsli til grunnvatns og dreifst með grunnvatnsstraumum til vatnsbóla*“. Fram kemur að ekki sé vitað með vissu hvert grunnvatnsstraumar leiða frá svæðinu og er því ekki vitað hvaða áhrif afrennsli á fyrirhuguð deiliskipulagssvæði getur haft á vatnsbólín við Gvendarbrunna. Enn fremur



kemur fram í samþykktinni að gæta þurfi viðunandi öryggis við ákvörðun um nýtingu svæðis sem og hönnun og gerð mannvirkja og mengunarvarna.

### **Mikilvægi fyrir vatnsveitu Veitna**

Framtíðaráform Veitna ohf. eru að hafa tvö aðskilin vatnstökusvæði í Heiðmörk sem hvort um sig gæti sinnt vatnspörf höfuðborgarinnar ef nýting annars svæðisins yrði takmörkuð vegna mengunarslyss eða annarra þátta. Vatnstökusvæðin skiptast í neðra svæði (Gvendarbrunnar, Jaðarsvæði og Myllulækur) og efra svæði (Vatnsendakrikar).

Stefnt er að aukinni vatnstöku við Vatnsendakrika, en sýnt hefur verið fram á í grunnvatnslíkönum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, að mikil vinnsla í Vatnsendakrikum geti haft áhrif á vatnsrennsli í Kaldárbotnum og hafa verið gerðar ráðstafanir varðandi magn til að forðast slík áhrif. Magn vatnstöku á svokallaða efra svæði er því takmörk sett ef ekki á að hafa áhrif á vatnsból nágrannsveitarfélaganna og liggur ljóst fyrir að neðra svæðið þar sem vinnsluholur vatnsveitu Veitna við Gvendarbrunna og Jaðar verður enn mikilvægt til að sjá Reykjavík fyrir drykkjarvatni, þó svo að vatnstaka aukist úr vatnsbólum í Vatnsendakrikum.

### **Tillaga að rannsóknum**

Eins og fram hefur komið telja Veitur brýna nauðsyn þess að nánar sé fjallað um þá hættu sem geti stafað af uppbyggingunni á vatnverndarsvæðið, s.s. áhrif aukins frárennslis á svæðinu, staðsetning settjarnar og regnvatnslausna, á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins áður deiliskipulagstillagana er samþykkt. Gera þarf heilstætt áhættumat á áhrifum uppbyggingar svæðisins á vatnsverndarsvæðið og viðbragðsáætlun sem gerir grein fyrir hvernig brugðist verði við mögulegri mengunarhættu frá deiliskipulagssvæðisinu.

Vegna mikilla hagsmuna vatnsveitu á svæðinu bjóðast Veitur til að taka þátt í kostnaði við ofangreindar rannsóknir til helminga. Enn fremur eru Veitur reiðubúnar að aðstoða við gerð verklýsingar og afmarka umfang rannsókna.

Æskilegt er að þessi vinna hefjist sem fyrst svo að niðurstöður liggir fyrir áður en deiliskipulagið er tekið til samþykktar og hægt verði að hanna mótvægisáðgerðir inn í endanlegt deiliskipulag.

Virðingarfyllt,

Hólmfríður Bjarnadóttir  
Skipulagsfulltrúa Veitna



Reykjavík 5. apríl 2019

**Varðar: Hólmsheiði athafnasvæði, nýtt deiliskipulag.**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Skipulagssvæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnasvæði, með fjölbreyttum atvinnulóðum innan svæðis, undir ýmis konar starfsemi sem fellur að markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þ.á.m. lóðum fyrir gagnaver, skv. uppdr. Arkís arkitekta dags. 18. október 2018. Einnig er lögð fram greinargerð, skipulagsskilmálar og umhverfisskýrsla Arkís arkitekta ehf. dags. 18. október 2018. Jafnframt er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, greinargerð Íslenskra orkurannsókna dags. 1. september 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. september 2018. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- 1) Veitur dags. 31. janúar 2019
- 2) Umsögn Mosfellsbæjar dags. 18. febrúar 2019
- 3) Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 8. mars 2019
- 4) Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2019
- 5) Umsögn Landsnets dags. 11. mars 2019
- 6) Minnisblað VSÓ ráðgjafar dags. 11. mars 2019

Samantekt á athugasemdum og svör við þeim.

1) Veitur telja ákveðna hættu stafa á vatnsverndarsvæðinu í Heiðmörk vegna uppbyggingar á nýja athafnasvæðinu í Hólmsheiði, sér í lagi vatnsból við Gvenndarbrunna (brunnsvæði) og það hafi ekki verið rannsakað nægjanlega. Veitur óska eftir því að fram fari heildstætt áhættumat á áhrifum uppbyggingar svæðisins á vatnsverndarsvæðið. Jafnframt að gerð verði í kjölfar þess viðbragðsáætlun sem gerir grein fyrir hvernig brugðist verði við mögulegri mengunarhættu frá fráveitu og ofanvatnslausnum skipulagssvæðisins. Veitur telja nauðsynlegt að áhættumatið og viðbragðsáætlunin liggi fyrir áður en deiliskipulagið verði samþykkt og mótvægisáðgerðir verði þannig hluti af endanlegri skipulagstillögu.

**Svar:** Haldinn var fundur hjá Reykjavíkurborg með fulltrúum Veitna dags. 12. febrúar 2019, þar sem rætt var um athugasemdir Veitna. Einnig var þar kynnt verkáætlun Vatnaskila sem gerir ráð fyrir skýrslu um áhættumatið. Ákveðið var að hefja vinnu við matið eins fljótt og auðið er, og að Veitur leiði þá vinnu. Jafnframt var ákveðið að Veitur og Reykjavíkurborg skipti kostnaði við rannsóknir á verkefninu jafnt á milli sín. Ákveðið hefur því verið að klára skipulagstillöguna og setja ákveðna fyrirvara inn í skilmála skipulagsins um þá vinnu sem er eftir. Fyrirvarinn er þannig að ekki verði formlega úthlutað neinni lóð á suðurhluta svæðisins, fyrr en niðurstöður áhættumatsins og viðbragðsáætlunar liggi fyrir. Skipulagstillöguna og/eða einstök svæði innan hennar þarf mögulega að endurskoða að því loknu m.v. þær niðurstöður sem áhættumatið leiðir í ljós.

---

2) Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemd við auglýsta skipulagstillögu.

**Svar:** Kallar ekki á viðbrögð.

3) Umhverfisstofnun bendir á að í skilmálum skipulagsins er ekki gerð krafa um olúskiljur og telur stofnunin mikilvægt að farið verði eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Jafnframt bendir stofnunin á að gróðurþekja svæðisins í heild mun minnka við fyrirhugaða uppbyggingu og er bent á að skv. vistgerðarkorti NÍ séu innan svæðisins vistgerðirnar grasmóavist og lyngmóavist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum verði ekki raskað. Jafnframt telur stofnunin að vanda þurfi til alls frágangs settjarnar, fella hana vel að landi og staðháttum, forðast óþarfa rask og græða upp röskuð svæði með staðargróðri, sérstaklega ef um er að ræða vistgerðir sem hafa verndargildi.

**Svar:** Við hönnun lóða skal reynt að hlífa gróðri sem fyrir er, eftir því sem verður við komið, sér í lagi trjágróðri og verðmætum gróðurvistgerðum. Á skipulagssvæðinu finnast grasmóa- og lyngmóavistir sem eru metnar með hátt verndargildi samkvæmt viðmiðum Náttúrufræðistofnunar Íslands í umtalsverðu magni m.a. innan marka skilgreindra lóða. Leitast skal við að vernda og/eða endurnýta slíkan mólendisgróður fyrir gróðurfrágang innan lóða. Nánari upplýsingar um hvað einkennir grasmóa- og lyngmóavistir má lesa um á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar: <https://ni.is/greinar/grasmoavist> og <https://ni.is/greinar/lyngmoavist-a-laglendi> en einkennandi tegundir fyrir báðar vistgerðir eru m.a. krækilyng, blóðberg, bláberjalyng og beitilyng.

Umræddar vistgerðir er einkum að finna á eftirfarandi lóðum: Hólmsheiðarvegur 101. Miðbik lóðar, að stórum hluta milli áætlaðra bygginga. Fundinsmörk 1 og 3 og vegstæði Gandálfsmarkar norðan við þær lóðir. Durinsmörk 9, 11, 14 og 16. Durinsmörk 1, 2, 4 og 6. Gandálfsmörk 3. Norðurhluti Gandálfsmarkar 1.

4) Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sendi inn umsögn og bendir á að þau hafa við gerð deiliskipulagsins komið með athugasemdir, m.a. varðandi settjörnina sem brugðist hefur verið við. Ítreka þau áfram að mikilvægt sé að leita frekari leiða varðandi rennsli ofanvatns af athafnasvæðinu inn á vatnsverndarsvæðið við öfgaaðstæður.

**Svar:** Eins og fram kemur í svari við athugasemd Veitna þá hefur verið ákveðið að klára skipulagstillöguna en setja ákveðna fyrirvara inn í skilmála skipulagsins (að loknu kynningarferli) um þá vinnu sem er eftir, þannig að ekki verði formlega úthlutað neinni lóð á suðurhluta svæðisins, fyrr en niðurstöður áhættumatsins og viðbragðsáætlunar liggi fyrir. Heilbrigðiseftirlitið verður upplýst og mun eflaust sitja vinnufundi því tengt með Reykjavíkurborg og Veitum.

Einnig þá hafa verið skoðað frekar með rennsli ofanvatns af svæðinu við öfgaaðstæður og hafa skipulagsráðgjafar hafa bent á að mikið ofanvatn kom seinni part vetrar 2018 inn á fyrirhugaðar lóðir fyrir gagnaver, sérstaklega vestari lóðina. Lagt er til að settur verð sérstakur texti inn í skilmála þessara lóða kafla 2.8 um ofanvatn, þar sem vakin er athygli á þessu m.a varðandi endanlega hæðarlegu bygginga:

***Við hæðarsetningu lóða og bygginga, auk hönnunar ofanvatnslausna þarf að huga að afrennsli frá aðliggjandi grænum svæðum. Tryggja þarf framrás þess og huga að öruggri uppsöfnun, sérstaklega við stærri úrkomuáburði og í leysingum.***

5) Landsnet bendir á háspennulínur Landsnes, þar sem m.a. segir að raflína sem er austast á svæðinu verður fjarlægð og jafnvel færð í jörðu, sbr. kemur fram í greinargerð. Landsnet telur að umrædd lína sem vísað er til sé væntanlega Sogslína 2, sem er utan afmörkunar deiliskipulagsins. Landsnet telur þá æskilegt að textinn í greinargerð um línuna “austast” verði lagfærður þannig að ljóst sé að línan liggir utan deiliskipulagssvæðis. Þá telur Landsnet að betra sé að nota ekki hugtakið “byggðalína” um línuna, frekar að segja að um sé að ræða 132 kv línu sem sé hluti af megin flutningskerfi Landsnet.

**Svar:** Um er að ræða aðra “línu” heldur en Landsnet er að vísa til, þ.e. svokallaða byggðalínu. Um misskilning er því að ræða en um er að ræða línu sem er innan svæðisins, sjá mynd. Um er að ræða raflínu í drefikerfinu á vegum Veitna sem liggur um svæðið, innan deiliskipulagsins, og því á athugasemd Landsnet varðandi þessa línu ekki við. Hins vegar er lagt til að línan verði ekki kölluð byggðalína til að koma í veg fyrir frekari misskilning í framtíðinni og verður það orðalag lagfært í greinargerð og á uppdráttum og vísað til hugtaksins “132 kv Raflína á vegum Veitna”.



6) VSÓ ráðgjafar senda inn minnisblað fyrir hönd Mjólkursamsöllunar (MS), sem hyggur á flutning starfsemi sinnar í Reykjavík í nýtt húnsæði á Hólmsheiði og liggur fyrir samþykkt lóðarvilyrði um slíkt í Borgarráði, samþ. september 2017. Lóðin (Gandálfsmörk 1) hefur verið “eyrnamerkt” MS, þar sem hún uppfyllir stærðarviðmið sem vilyrði Reykjavíkurborgar um úthlutun lóðar til MS kveður á um á Hólmsheiði. Athugasemdir eru gerðar í fjórum liðum.

1) Nýtingarhlutfall. Óskað er eftir því að hámarks nhlf. á lóð verði lækkað í 0,38 sem fyrsti kostur, en að öðrum kosti niður í 0,4 eða að tilgreint verði hámarks byggingamagn upp á 15.000 fm á lóðinni.

2) Bindandi byggarlína. Í skilmálum er kveðið á um að byggingar skuli fylgja 70% af bundinni byggingarlínu, fyrir lóðina sem MS hefur fengið vilyrðið fyrir, þá er skilgreind bindandi lína á hluta af sunnanverðum byggingareit. Áform félagsins eru þess eðlis að ekki er heppilegt að tilgreina bindandi línu fyrir bygginguna, þar sem ekki er ólíklegt að hönnun hússins þurfi að gera ráð fyrir aðkomu og brottakstri við báðar langhliðar húss. Óskað er því eftir að ákvæði um bindandi byggingarlínu verði alfarið felld niður fyrir byggingarreitinn á lóð.


3) Hæðir húsa. MS Óskar eftir því að felld séu út ákvæði um hámarkshæð húss eftir fjölda hæða fyrir umrædda lóð. Eingöngu verði tilgreind hámarkshæð húss 16 m óháð fjölda hæða.

4) Óskað er eftir því að tekin verði til endurskoðunar fyrirhugð gatnatenging hverfisins við Hafravatnsveg, en sú tenging þýðir að vöruakstur MS tekur á sig töluverðan krók. Að mati VSÓ ráðgjafar er heppilegra að staðsetja tenginguna um miðvik kaflans á Hafravatnsvegi og gera þá ráð fyrir gatnamótum með aðgreindum akstursstefnum.

**Svar:** Lagt er til að útbúin verði sérákvæði í kafla 4.4 um lóðina Gandálfsmörk 1, í samræmi við önnur sérákvæði sem hafa verið útbúin á svæði B fyrir Hólmsheiðarveg 100 og 101. Lagt er til að:

- Lækka nýtingarhlutfall í 0,4.
- Fella niður bindandi byggingarlínu.
- Hámarkshæð húsa verði 16 m óháð fjölda hæða.
- Að fram komi að athafnasvæði sunnan við byggingu að Suðurlandsvegi megi ekki nota sem geymslusvæði.

Varðandi vegtengingu inn í hverfið þá byggir sú útfærsla á ítarlegri samgöngugreiningu í samráði við Vegagerðina og samöngugudeild Reykjavíkurborgar. Sú tenging sem hefur verið valin inn í hverfið er talin æskilegust til lengri framtíðar. Bent er á að tenging til vesturs í átt til Reykjavíkur er áætluð í framtíðarskipulagi á stækkun athafnasvæðis Hólmsheiði, í samræmi við tengiveg sem er skilgreindur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sbr. mynd að neðan sýnir. Ekki er þó vitað hvenær skipulagsvinna fyrir stækkun svæðisins byrjar né hvenær megi eiga von á þeirri tengingu inn á athafnasvæðið frá Vegbrekkum við hesthúsabyggðina.





---

## Niðurstaða

Lagt er til að auglýst tillaga fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

- Settur er fyrirvari inn í skilmála um að ekki verði formlega úthlutað neinni lóð á suðurhluta svæðisins, fyrr en niðurstöður áhættumatsins og viðbragðsáætlunar liggi fyrir.
- Sett verði inn í skilmála sérákvæði í kafla 4.4 um lóðina Gandálfsmörk 1 sem innibera eftirfarandi:
  - Lækkun nýtingarhlutfals í 0,4
  - Niðurfellingu á bindandi byggingarlínu,
  - Rýmkuð á heimildum um hámarkshæð þ.e.a.s. að þau verði 16 m óháð fjölda hæða
  - Athafnasvæði sunnan við byggingu að Suðurlandsvegi megi ekki nota sem geymslusvæði.
- Við hönnun lóða skal reynt að hlífa gróðri sem fyrir er, eftir því sem verður við komið, sér í lagi trjágróðri og verðmætum gróðurvistgerðum.
- Við hæðarsetningu lóða og bygginga, auk hönnunar ofanvatnslausna þarf að huga að afrennsli frá aðliggjandi grænum svæðum. Tryggja þarf framrás þess og huga að öruggri uppsöfnun, sérstaklega við stærri úrkomuatburði og í leysingum

Uppdrættir og greinargerð er uppfært í samræmi, dags. 5. apríl 2019.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs  
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Lilja Grétarsdóttir**